

GJALDSKRÁ

skipulags- og byggingardeildar Sveitarfélagsins Árborgar.

1.gr. Gjaldskylda

Fyrir útgáfu leyfa, úttektir, vottorð, skjalagerð, yfirlestur gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Sveitarfélagið Árborg veitir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfissskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir skipulags- og byggingardeild Sveitarfélagsins Árborgar í umboði bæjarstjórnar gjöld skv. gjaldskrá þessari.

2.gr Ráðstöfun gjalda

Innheimt gjöld skv. gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingardeildar.

3.gr Byggingarleyfisgjald

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi hefur veitt. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdráttar, yfirferð séruppdráttar, útgáfa byggingarleyfis, útsetning lóðar, útmæling fyrir grefti, útmæling og hæðarsetning fyrir undirstöðum, lögbundið byggingarefirlit og úttektir, fokheldisvottorð, vottorð um öryggis/lokaúttekt og skráning húss hjá Þjóðskrá Íslands.

Fjárhæð byggingarleyfisgjalds fer skv. eftirfarandi töflu:

a) Íbúðarhúsnæði:

Einbýlishús	pr. hús	kr.	393.000
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð,	pr. íbúð	kr.	284.000
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	pr. íbúð	kr.	269.000
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	pr. íbúð	kr.	186.000
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri	pr. íbúð	kr.	155.000

Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, - einnig sama húsnæði með

b) íbúðum

- gólfhlötur allt að 500 fermetrar	kr.	414.000
- gólfhlötur 500 - 1000 fermetrar	kr.	672.000
- gólfhlötur 1001 - 2000 fermetrar	kr.	879.000
- gólfhlötur 2001 - 5000 fermetrar	kr.	1.035.000
- gólfhlötur stærri en 5000 fermetrar	kr.	1.345.000

c) Óeinangraðar geymslur, landbúnaðarbyggingar, hesthús og áþekk hús

Gólfhlötur að 99 fermetrum	kr.	326.000
Gólfhlötur 100 - 199 fermetrar	kr.	388.000
Gólfhlötur 200 - 499 fermetrar	kr.	439.000
Gólfhlötur 500 - 799 fermetrar	kr.	491.000
Gólfhlötur 800 - 1.999 fermetrar	kr.	543.000
Gólfhlötur frá 2.000 fermetrum	kr.	631.000

d) Ýmis hús og hverskonar viðbyggingar:

Sólstofur, garðhús, bilgeymslur fyrir mest 2 bíla og gripahús	kr.	191.000
Viðbyggingar allt að 20 fermetrar	kr.	155.000
Viðbyggingar 20 - 100 fermetrar	kr.	258.000
Frístundahús/Gesthús	kr.	393.000
Niðurrif	kr.	103.000
Meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsa án fermetrastækkunar	kr.	103.000
Minniháttar breytingar á innra skipulagi og útliti húsa	kr.	70.000
Veitumannvirki, dæluhús & spennistöðvar 0-100m ² , möstur	kr.	155.000
Viðbyggingar stærri en 100 fermetrar = Sömu gjöld og af því húsnæði sem byggt er við.		

e) Gjöld vegna stöðuleyfa

Stöðuleyfi sbr. byggingareglugerð 2.6.1 liðir a og b	kr.	53.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra 1 - 6 mánuðir	kr.	72.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra 7 - 12 mánuðir	kr.	103.000
Stöðuleyfi vegna frístandandi auglýsinga-, þjónustu- og auglýsingaskilta	kr.	62.000

4. gr. Afgreiðslu- og þjónustugjöld

Greiða skal eftirtalin þjónustu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu sem skipulags- og byggingardeild veitir umfram þá sem er innifalin í öðrum gjöldum. Athugið að embættið innheimtir afgreiðslugjald sem er óafturkræft, hvort sem umsókn er samþykkt eða henni synjað.

Afgreiðslugjald skipulags- og byggingarmála	kr.	26.000
Afgreiðslu- og umsýslugjald fyrir smáhýsi, skjólveggi og sólpalla	kr.	22.000
Afgreiðslugjald fyrir tilkynningarskyldar framkvæmdir	kr.	73.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr.	25.000
Endurtekin öryggis og/eða lokaúttekt	kr.	35.000
Gjald fyrir hvert útkall ef verkið er ekki úttektarhæft	kr.	14.000
Endurnýjun leyfis án breytinga á teikningum	kr.	25.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	kr.	35.000
Umsögn vegna rekstrar- og starfsleyfa	kr.	35.000
Úttekt vegna leiguhúsnæðis	kr.	35.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 2-4 eignir	kr.	31.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 5-15 eignir	kr.	46.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 16-49 eignir	kr.	67.000
Eignaskiptayfirlýsingar, 50 og fleiri	kr.	87.000
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutnar (óafturkræft)	kr.	26.000
Lóðarsamningur nýrrar lóðar	kr.	36.000
Lóðarsamningur vegna eldri lóðar eða breytingar á samningi	kr.	36.000
Útgáfa á nýju lóðarblaði	kr.	skv.reikningi
Auka útmæling fyrir húsi/lóð sem ekki er innifalin í byggingarleyfisgjaldi	kr.	77.000
Stofnun lóða í landskrá fasteigna	kr.	23.000
Stofnun fasteignanúmera	kr.	skv.reikningi
Landnúmer umfram eitt	kr.	10.000
Breyting lóða / nafnabreyting í landskrá fasteigna	kr.	10.000
Afskráning í fasteignaskrá	kr.	21.000
Tímagjald starfsmanna skipulags- og byggingarfulltrúa	kr.	28.000

Tímagjald starfsmanna skipulags- og byggingardeildar	kr.	17.000
5.gr Gjald fyrir skipulagsvinnu		
Vegna grenndarkynninga skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfa skv. 13. og 14. gr. og vegna deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum sbr. 2. mgr, sömu laga, skal innheimta gjöld sem hér segir:		
a) Gjöld vegna aðalskipulagsbreytinga:		
Breyting á gildandi Aðalskipulagi Árborgar, sbr. 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr.123/2010	Skv.reikningi	
Umsýslukostnaður	Skv. reikn. og tímafjölda	
Auglýsingakostnaður,sbr. 1. mgr. 36. gr. (að lágmarki ein auglýsing. Fleiri en ein innheimt skv reikn.)	93.000	
Kostnaður vegna hönnunargagna	Skv. reikningi	
Óveruleg breyting á gildandi Aðalskipulagi Árborgar, sbr. 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr.123/2010.		
Umsýslukostnaður	Skv. reikn. og tímafjölda	
Auglýsingakostnaður,sbr. 1. mgr. 36. gr. (að lágmarki ein auglýsing. Fleiri en ein innheimt skv reikn.)	93.000	
Kostnaður vegna hönnunargagna	Skv. reikningi	
b) Gjöld vegna deiliskipulagsbreytinga:		
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. Skipulagslaga nr.123/2010	Skv.reikningi	
Umsýslukostnaður	Skv. reikn. og tímafjölda	
Auglýsingakostnaður,sbr. 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr.123/2010 (að lágmarki ein auglýsing. Fleiri en ein innheimt skv reikn.)	93.000	
Kostnaður vegna hönnunargagna	Skv. reikningi	
Breyting á gildandi deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr.123/2010	Skv.reikningi	
Umsýslukostnaður	Skv. reikn. og tímafjölda	
Auglýsingakostnaður,sbr. 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr.123/2010 (að lágmarki ein auglýsing. Fleiri en ein innheimt skv reikn.)	93.000	
Kostnaður vegna hönnunargagna	Skv. reikningi	
Óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagsi, sbr. 2. mgr. 43 gr. Skipulagslaga nr.123/2010	Skv.reikningi	
Umsýslukostnaður	Skv. reikn. og tímafjölda	
Auglýsingakostnaður,sbr. 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr.123/2010 (að lágmarki ein auglýsing. Fleiri en ein innheimt skv reikn.)	93.000	
Kostnaður vegna hönnunargagna	Skv. reikningi	
c) Gjald vegna grenndarkynningar:		
Grenndarkynning, sbr. 43.gr og 44. gr. Skipulagslaga nr.123/2010	kr.	38.000
d) Gjöld vegna framkvæmdaleyfis:		
Framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	kr.	207.000
Aðrar framkvæmdir	kr.	124.000
Umfangsmiklar framkvæmdir	Skv.samningi	
Minni háttar framkvæmdir	kr.	38.000
Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalin í framkvæmdaleyfi, pr. ferð	kr.	38.000
e) Önnur þjónustugjöld		

Afnotaleyfi smærri verkefni	kr.	20.000
Afnotaleyfi stærri verkefni	kr.	46.000
Förgunargjald vegna afsetningar á uppgrefti á jarðvegstipp	kr. pr/m ² bruttógrunnfleti húss	978
Sögun og fjarlæging á kantsteini	pr.lm	5.000
Endursteyptur kantsteinn	pr.lm	11.000
Færsla á ljóstastaur		skv.reikningi
Færsla á rafmagnskassa		skv.reikningi

6.gr. Innheimta - lögveð

Skipulags- og byggingardeild annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari. Gjöldum skv. gjaldskránni fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

Komi til vanskila á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari skal byggingarfulltrúi synja um útgáfu vottorðs fyrir viðkomandi mannvirki.

7.gr. Gjaldddagi

Gjaldddagi byggingarleyfisgjalds skv. 3. gr. er við útgáfu byggingarleyfis, sem tekur ekki gildi fyrir en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

Frestur er ekki veittur á greiðslu byggingarleyfisgjalds þó svo að byggingarleyfishafi fresti byggingarframkvæmdum.

Gjaldddagi afgreiðslu- og þjónustugjalda skv. 4. gr. er við útgáfu reiknings fyrir veitta þjónustu.

Gjaldddagi gjalda skv. 5. gr. er sem hér segir:

Skv. a) lið: Við samþykkt tillögu til auglýsingar.

Skv. b) lið: Við samþykkt tillögu til auglýsingar eða grenndarkynningar.

Skv. c) lið: Áður en grenndarkynning fer fram.

Skv. d) lið: Við útgáfu leyfis, sem tekur ekki gildi fyrir en framkvæmdaleyfisgjald hefur verið greitt.

8.gr. Endurgreiðsla

Falli byggingarleyfishafi frá notkun byggingarleyfis eða það fellur úr gildi er heimilt að endurgreiða 50% gjaldsins.

9.gr. Gildistaka

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá byggingarleyfis- og þjónustugjalda í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1427/2023

Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 4. desember 2024

Bragi Bjarnason bæjarstjóri.



B-deild – Útgáfud.: